

Ed.

577. Nefndarálit

[161. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur athugað frumvarp þetta og aflað sér umsagnar vegamálastjóra um málið. Varð nefndin eigi sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar er sammála flutningsmönnum frumvarpsins um það efni, að nauðsynlegt sé að auka tekjur vegasjóðs. Hins vegar teljum við ekki tímaþætt nú, áður en endurskoðun vegáætlunarinnar er hafin, að kveða á um fjárhæðir í þessu efni. Í frumvarpi þessu er tekjuöflunarvandamálið leyst með því að skerða tekjur ríkissjóðs að sama skapi. Tekjuöflunarvandinn er því aðeins fluttur til milli sjóða. Á slíka lausn getum við ekki fallizt. Enn fremur er á það að líta, að hinn 31. jan. s. l. skipaði hæstvirtur samgöngumálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um fjáröflun til vegamála, en í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a. svo:

„Í tilefni af því, að ákveðið er að endurskoða gildandi vegáætlun á n. k. hausti og nauðsynlegt er að auka verulega tekjur vegasjóðs, hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um, með hverjum hætti heppilegast er að afla aukins fjár til vegamála, svo unnt verði að hraða nauðsynlegustu vegaf framkvæmdum og bæta viðhald veganna.“

Nefndin skal ljúka störfum og skila álitum til ráðuneytisins fyrir lok ágúst mánaðar n. k. Verður að telja eðlilegt að biða með ákvarðanir í þessum málum, unz séð verður, hvað þessi þriggja manna nefnd hefur til málanna að leggja.

Með framangreindar forsendur í huga leggur undirritaður meiri hluti samgöngumálanefndar til, að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Jón Árnason,
fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Ragnar Jónsson.